

Réttindi verka fólks í Rómönsku Ameríku:

Hershöfðingjarnir sem stjórna andkommúnískum einræðis-stjórn Rómönsku Ameríku klappa fyrir Reagan forseta og baráttu hans gegn því að með sovískum stuðningi hefur verkalyðshreyfingin Samstaða verið barin niður í Póllandi. En verkamenn í Argentínu, Bolívíu, Brasilíu, Chile, Paragúay, Urugúay og í herforingjaríkjunum í Mið-Ameríku hafa ekki farið í göngur til að styðja pólska stéttarbræður.

Hafa þeir ekki samúð með þeim? Þvert á móti. Í Perú, þar sem lýðræðislega kjörin stjórn fer með völd, drógu mótmæladaðgerðir (vegna Póllands) að sér þúsundir verkamanna, stúdenta og menntamanna. En annarsstaðar í Rómönsku Ameríku eru hershöfðingjarnir fljótir á sér til að stöðva mótmæladaðgerðir verkamanna sem gætu snúist upp í gagnrýni á þeirra eigin stjórn. Þessir valdamenn, sem Reagan telur vini sína, hafa reyndar oft gengið fram af meiri harðneskj en pólskir við að berjast niður réttindi verkamanna og pólitískt andóf. Samt hefur stjórn Reagan til þessa kosið að beina athygli að Póllandi en gera sem minnst úr ósóma þeim sem þrífst fyrir sunnan landamæri Bandaríkjanna.

Svo kemst Juan de Onís að orði í nýlegri grein í bandaríska vikuritinu Newsweek, en hann er kallaður einn af ritstjórn þess. Þessi grein er einn hinn athyglisverðasti samantektir sem sést hefur á hræsnisfullri afstöðu bandarískra ráðamanna einmitt til réttinda verkamanna — allt



Verkfallsganga í Brasilíu; nú er Lula í fangelsi....

Af hverju hafa verkamenn í Suður-Ameríku ekki farið í göngur til stuðnings við stéttarbræður í Póllandi?

Horft í aðra átt

eftir því hvar er í heiminum. De Onís heldur áfram á þessa leið:

Myrtir og handteknir

Argentískur verkalyðsforingj segir: Það er ekki hægt að búast við því að hér sé efnt til mótmælagöngu vegna Póllands — án þess að hún breytist í mótmæli gegn kjörum verkamanna í þessu landi. Og það er nokkuð sem herforingjastjórnin mun ekki leyfa. — Enda þótt kúgunin sé misjöfn, gildir þetta sem nú var sagt um álfuna alla: herforingjar á valdastóli reyna að málbinda verkalyðsfélög sem pólitískt afl. De Onís minnir á það að í

löndum eins og Chile, Urugúay og Bolívíu hafa róttækir verkalyðsforingjar verið myrtir og handteknir. Stundum hafa svonefndar öryggissveitir þessara ríkja samvinnu um mannrán og morð. Pólitískir hófsemdarmenn, andvígir ofbeldi, einatt svipaðir Lech Walesa að því er varðar tengsl þeirra við kaþólsku kirkjuna, hafa einnig orðið fórnarlömb ofbeldis gegn verkalyðssamtökum. Vopnaðir menn rændu verkalyðsforingjanum Oscar Smith í Argentínu 1976 og hefur síðan ekkert til hans spurst. Dauðasveitir hins opinbera í Guatemala hafa útrýmt flestum bændu- og verkalyðsforingjum Kristilegra demókrata.

Hliðstæður

Það eru, segir de Onís, áberandi hliðstæður milli herlaganna sem Jaruzelski hefur sett í Póllandi og þess stöðuga „neyðar-ástandsmóðs“ sem Pinochet forseti Chile notar til að fangelsa andófsmenn úr verkalyðshreyfingunni og baráttumenn fyrir mannréttindum og reka þá í útleig. Í fyrra sat Manuel Bustos, foringj vefara í sex mánuði í fangelsi og biður dóms nú fyrir að hafa sent áskorun til stjórnarinnar um að hún breytti stefnu sinni í efnahagsmálum og verkalyðsmálum. Luiz Ignacio da Silva (Lula) varð frægur um alla Brasilíu (og reyndar víðar) fyrir að stjórna árið 1978 fyrsta meiriháttar verkfalli eftir að herstjórnin tók völd 1964. Nú hefur víðleitni brasílskra verkamanna í bílaðnaði, sem þá gerðu verkfall, til að stofna öflugri verkalyðshreyfingu verði brotin á bak aftur — m.a. með því að Lula hefur verið dæmdur í fangelsi af hernaðaryfirvöldum fyrir að „æsa til ólöglegs verkfalls“.

Þær takmarkanir á rétti verkalyðsfélaga sem herforingjar Rómönsku Ameríku hafa komið á sýnast óaðskiljanlegar frá því efnahagsmynstri „frjáls markaðar“ sem nú er í tisku,

Annar mælikvarði

Reaganstjórnin hefur, segir de Onís að lokum, réttilega vísað til grundvallaratriða í mannréttindum í víðleitni sinni til að virkja alþjóðlega reiði gegn atlögunni gegn Samstöðu í Póllandi. En síðferðilegur stuðningur við þessa afstöðu veiktist við það að stjórnin lætur annan mælikvarðagilda um svipaðan yfirgang í Rómönsku Ameríku. Þessi þverstæða kom vel fram þegar Howard Baker, talsmaður Repúblikana í öldungadeild og Laxalt þingmaður og vinur Reagan heim sóttu Buenos Aires nú í janúar. Þeir höfðu meðferðis hlýjar vináttukveðjur Pinochet forseta Chile og Galtieri herstjóra og forseta Argentínu. Þessir öldunga-deildarþingmenn Repúblikana og gestgjafar þeirra skiptust á hjartnæmum kveðjum og fordæmdu sameiginlega sovéska ihlutun í Póllandi og kommúnistaumsvif í Karíbahafi og Mið-Ameríku. Það er því ekki líklegt, að þessir aðilar taki nokkru sinni upp mál eins og réttindi verkafólks eða mannréttindi — þau mál sem stjórnin virðist hafa megináhyggjur af þegar Pólland er á dagskrá.

Þýtt og endursagt — áb.

Úthlutun listamannalauna

Vegna þröngs fjárhags fækkar listamönnum þeim sem hljóta listamannalaun. Í fyrra voru þeir 186 en 149 nú. Fækkunin er, sem og í fyrra, öll í neðri flokkinum, þar eru nú 40 listamenn en voru 53 í fyrra og 83 í hittedfyrra.

Þetta kom fram í máli sr. Bolla Gustavssonar, formanns úthlutunarnefndar, á blaðamannafundi í gær. Úthlutun í efri flokki hækkaði í 10 þús. úr 6600 og í neðri í 5 þús. kr. úr 3300. Er það nálægt verðbólgu. Úthlutað var 1 milljón 115 þús. krónum.

Tverri létust á árinu sem höfðu verið í efri flokki og þrír voru fluttir upp í heiðurslaunaflokk. Nefndin ákvað svo að bæta við fjórum nýjum í flokknum, alls nú. Þeir eru upp taldir á forsiðu blaðsins.

Það skal tekið fram, að ekki hefur verið siður að fella út þá sem í efri flokki eru komnir. Listinn um úthlutunina fer hér á eftir:

Aður veitt af Alþingi 33.750 krónur hver:

Asmundur Sveinsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Danielsen, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Indriði G. Þorsteinsson, Kristmann Guðmundsson, María Markan, Ólafur Jóh. Sigurðsson, Snorri Hjartarson, Stefán Íslandi, Svavar Guðnason, Tómas Guðmundsson, Valur Gíslason, Þorvaldur Skúlason.

Veitt af nefndinni: 10.000 krónur hver:

Agnar Þórðarson, Alfreð Flóki, Atli Heimir Sveinsson, Agúst Petersen, Armann Kr. Einarsson, Arni Björnsson, Arni Kristjánsson, Benedikt Gunnarsson, Björn J. Blöndal, Björn Ólafsson, Bragi Asgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar Bragi, Einar Hákonarson, Eiríkur Smith, Eyþór Stefánsson, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Guðbergur Bergsson, Guðmundur Andrésdóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Frimann, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðrún A. Simonar, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar M. Magnúss, Hallgrímur Helgason, Hannes Pétursson, Hannes Sigfússon, Heiðrekur Guðmundsson, Hringur Jóhannesson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jóhann Briem, Jóhann Hjalmarsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Helgi, Jóhannes Jóhannesson, Jón Asgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan, Jón Helgason, Jón Nordal, Jón Óskar, Jón Þórarinnsson, Jón úr Vör, Jónas Arnason, Jónas Guðmundsson, Jónn Viðar, Karen Agnete Þórarinnsson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Rey, Kristján Albertsson, Kristján Davíðsson, Kristján frá Djúpálæk, Leifur Þórarinnsson, Manuela Wiesler, Matthías Jóhannesson, Oddur Björnsson, Ólaf Páldóttir, Óskar Aðalsteinn, Pétur Friðrik, Ragnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigfús Daðason, Sigfús Halldórsson, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Sigurðsson, Sigurjón

Ólafsson, Skúli Halldórsson, Stefán Hörður Grimsson, Stefán Júlíusson, Steinþór Sigurðsson, Sveinn Björnsson, Sverrir Haraldsson, Thor Vilhjálmsson, Tryggvi Emilsson, Valtýr Pétursson, Veturliði Gunnarsson, Vésteinn Lúðvíksson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorkell Sigurbjörnsson, Þorsteinn frá Hamri, Þorsteinn Ó. Stephensen, Þoroddur Guðmundsson, Þuríður Páldóttir, Örlygur Sigurðsson.

5000 krónur hver:

Agúst Guðmundsson, Asgeir Jakobsson, Asgerður Ester Búadóttir, Askell Másson, Baldur Eiríksson, Benedikt Jónsson, Björn Guðjónsson, Davíð Oddsson, Edda Jónsdóttir, Elías Halldórsson, Erlendur Jónsson, Fjölínir Stefánsson, Friða Sigurðardóttir, Gardar Cortes, Guðmundur Eliasson, Gunnar Hjaltason, Gylfi Gíslason, Gylfi Gröndal, Halldór Haraldsson, Haraldur Zóphannsson, Herdis Egilsdóttir, Hreiðar Stefánsson, Jakob Jónsson, listmálari, Jakob Tryggvason, Jón Reykdal, Kjartan Ragnarsson, Kristinn G. Jóhannsson, Lárus Sveinsson, Magnús Bl. Jóhannsson, Matthea Jónsdóttir, Nina Björk Arnadóttir, Pálmar Þ. Eyjólfsson, Ragnar Kjartansson, Sigurður K. Arnason, Steingrímur Sigurðsson, Steinunn Sigurðardóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Þórir Guðbergsson, Örn Ingi Gíslason.

Í úthlutunarnefndinni eiga nú sæti: Séra Bolli Gustavsson sóknarprestur, formaður, Jón R. Hjalmarsson fræðslustjóri, ritari, Bessi Jóhannsdóttir kennari, Gunnar Stefánsson bókmenntaráðunautur, Halldór Blöndal alþingismaður, Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri og Sverrir Hólmarsen mennta-skólakennari.

Útboð

Rafmagnsveitur ríkisins óska eftir tilboðum í eftirfarandi:

RARIK — 82008 Spennustillar

Opnunardagur 30. mars 1982, kl. 14.00.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík fyrir opnunartíma, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 9. febrúar 1982 og kosta 25,- kr. hvert eintak.

Reykjavík, 8. febrúar 1982.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Blikkiðjan

Asgarði 7, Garðabæ

Önnumst þakrennusmiði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmiði. Gerum föst verðtilboð

SÍMI 53468